

<p>46. fundur svæðisráðs norðursvæðis 3. apríl 2017 (13:00-16:23) Haldinn í húsnæði Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, Mývatnssveit</p>	<p>Fundarritari: Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p>Mættir: Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p>Fjarverandi: Enginn</p>	<p>Aðrir fundargestir: Enginn</p>

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt
2. Virkjanahugmyndir í Svartá og læk við Drekgil
3. Kröflulína III – umsögn um frummatsskýrslu
4. Skipulagsmál í Ásbyrgi – staða deiliskipulagsvinnu
5. Beiðni Heimaxar ehf. um að flytja söluhús sitt frá Versluninni Ásbyrgi að Gljúfrastofu.
6. Gjaldtaka í Vatnajökulsþjóðgarði
7. Þjóðlendum – stækkun norðursvæðis sem nemur þjóðlendum
8. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns
9. Daglega starfið – yfirlit þjóðgarðsvarða
10. Önnur mál

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt

Fundur var settur og farið yfir dagskrá. Lið 7 bætt var við, um stækkun norðursvæðis í tengslum við þjóðlenduúrskurði og síðari tölulíðum hliðrað samkvæmt því. Dagskrá samþykkt þannig.

2. Virkjanahugmyndir í Svartá og læk við Drekgil

Farið yfir lögfræðiálit LEX lögmannsstofu um stöðu virkjunar í Svartá gagnvart stjórnunar- og verndaráætlun. Fyrir liggur beiðni Ferðafélags Akureyrar um að virkja læk úr Drekgili til að afla orku fyrir rekstur í Drekgili. Einnig hefur Neyðarlínan sýnt því áhuga að nýta orku úr sama læk fyrir fjarskiptasenda á Vaðöldu. Í ljósi þessa telur svæðisráð æskilegast að þeir aðilar, auk þjóðgarðsins sem rekstraraðila á svæðinu og handhafa vatnsréttinda, leiti leiða til samkomulags um nýtingu vatnsafls í læk úr Drekgili. Svæðisráð leggur til að gert sé ráð fyrir framkvæmdinni í stjórnunar- og verndaráætlun, með þeim fyrirvörum að hún uppfylli allar kröfur sem til hennar eru gerðar. Bent er á mikilvægi þess að kannað sé hvernig verkefnið standi gagnvart lögum um mat á umhverfisáhrifum. Telur svæðisráð þennan kost betri en framkomna hugmynd um smávirkun í Svartá við Vaðöldu og því ekki ástæða á þessum tímamarki til að vinna frekar að framgangi þess máls.

3. Kröflulína 3 – umsögn um frummatsskýrslu

Línustæði Kröflulínu 3 fellur innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs við þverun farvegjar Jökulsár á Fjöllum við Ferjuás. Þrátt fyrir takmarkaðan hluta línustæðis innan þjóðgarðsmarka er fyrirséð að sjónræn áhrif af staurastæðum loftlína við aðkomu að þjóðgarðinum muni aukast. Svæðisráð norðursvæðis bendir á nauðsyn þess að haga útfærslu

mannvirkja með þeim hætti að sjónræn áhrif verði lágmörkuð eins og kostur er, t.a.m. með tréstaurom sem kynntir eru sem valkostur.

4. Skipulagsmál í Ásbyrgi – staða deiliskipulagsvinnu

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum kynnti hugmyndir um breytt skipulag á þjónustusvæði í mynni Ásbyrgis, sem lýtur fyrst og fremst að breyttri aðkomu og aukinni umferðarstýringu, eflingu göngustígakerfis og stækkun tjaldsvæðis. Bent var á ósamræmi við þá deiliskipulagsvinnu sem svæðisráð er búið að vinna. Telur meirihluti svæðisráðs mikilvægt að deiliskipulagsvinna vegna Ásbyrgis verði klárud og sett í ferli; vinnan hefur dregist mjög á langinn og æskilegast að henni ljúki fyrir lok ársins 2017. Hjördís var á öndverðri skoðun og taldi betra að fara hægar í sakirnar. Böðvar hafði einnig efasemdir um nægt rekstrarfé væri til staðar til að kosta alla þá vinnu, og vísaði þar í drög að rekstraráætlun fyrir árið 2017.

5. Beiðni Heimaxar ehf. um að flytja söluhús sitt að Gljúfrastofu

Heimöx, félag handverksfólks í Öxarfirði og Kelduhverfi, hefur sóst eftir því að færa söluhús sitt frá Versluninni Ásbyrgi að Gljúfrastofu. Svæðisráð tekur jákvætt í framkomna beiðni með þeim fyrirvara að hún samræmist gildandi skipulagi.

6. Gjaldtaka í Vatnajökulsþjóðgarði

Umræða um gjaldtöku sem stýringu og/eða tekjuöflun. Svæðisráð kallar eftir útfærslum þjóðgarðsvarða á gjaldtöku, sem verði mótaðar með hliðsjón af aðstæðum þjóðgarðsins í heild.

7. Þjóðlendum – stækkun Norðursvæðis sem nemur þjóðlendum

Svæðisráð vill ítreka bókun frá svæðisráðsfundi 12. desember 2014, sem var svohljóðandi:

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs fer þess á leit við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hafinn verði undirbúningur að stækkun þjóðgarðsins sem nemur eftirfarandi viðbótum: Núverandi friðland í Herðubreiðarlindum og svæði vestur frá friðlandinu að núverandi þjóðgarðsmörkum. Stækkun þessi myndi einfalda stjórnslu á svæðinu og þar með umsjón þess. Í dag er þeim hluta svæðisins sem er innan Herðubreiðarfriðlands sinnt með umsjónarsamningi milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs, en það form flækir stjórnun friðlandsins til muna.

Bókun þessi var samþykkt samhljóða árið 2014 og var formanni falið að koma erindinu áfram til umhverfis- og auðlindaráðherra. Samhliða ítrekuninni nú, bendir svæðisráð á að auknum umsvifum þurfi að fylgja aukið rekstrarfé og að viðhalda þurfi þeim nýtingarrétti sem skilgreindur er á viðkomandi þjóðlendum.

Grétar G. Ingvarsson vill bóka að hann leggst gegn því að þjóðlendum aðrar en Herðubreiðarfriðland verði hluti af þessari stækkun.

8. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs

Rekstraráætlun verður lögð fram til samþykktar stjórnar á næsta stjórnarfundi, sem fyrirhugaður er í maí. Áhersla verður lögð á að breyta vinnulagi, þannig að grunnur rekstraráætlunar fyrir 2018 liggi fyrir snemma næsta haust. Ný aðalskrifstofa var í marsmánuði opnuð í Fellabæ og voru nýráðningar í stöður fjármálastjóra og bókara látnar ráða staðsetningunni, sbr. auglýsingu um störf.

9. Daglega starfið – yfirlit þjóðgarðsvarða

Takmarkaður tími gafst til að fara yfir það helsta úr þjóðgarðinum, en þjóðgarðverðir lýstu miklum önnum og sögðu mikilvægt að hugað yrði að aukinni heilsársmönnum og landvörslu á starfsstöðvum norðursvæðis.

10. Önnur mál

Lagt til að verkaskipting þjóðgarðsvarða og viðbótarmönnun verði rædd á næsta fundi svæðisráðs sem fyrirhugaður er mánudaginn 29. maí nk.

Fleira ekki rætt og fundið slitið 16:23.